
Sér á báti

MYNDLIST

Listasafn Reykjavíkur – Kjarvalsstaðir

Yfirlitssýning – Hörður Ágústsson

Opið alla daga frá 10–17. Sýningu lýkur 24. apríl.



Eitt *af litbandsverkunum á yfirlitssýningu Harðar Ágústssonar í Listasafni Reykjavíkur – Kjarvalsstöðum.*

ÞAÐ verður að teljast löngu tímabært að haldin sé yfirgripsmikil yfirlitssýning á verkum Harðar Ágústssonar og gerð úttekt á áhrifum hans á íslenska listsenu. Þau eru víðtækari en marga grunar og skipar hann sess á meðal lykil-listamanna í íslenskri myndlistarsögu. Það er þó ekki langt síðan að yngri kynslóðir þekktu vart til verka hans og er ég ekki frá því að Friðrik Þór Friðriksson eigi mikinn þátt í endurreisn Harðar í myndlistarumræðunni þegar hann valdi nokkur litbandsverk eftir listamanninn á sýningu í Gerðubergi, Þetta vil ég sjá, árið 1999. Tóku yngri listamenn og áhugamenn þá kipp og upp frá því hafa litbandsverk Harðar verið áberandi og eftirsótt í myndlistarflórunni. Það er því vel við hæfi að löngu tímabær yfirlitssýningin á Kjarvalsstöðum skuli heita Endurreisnarmaður íslenskra sjónmennta.

Hörður hóf listferil sinn með nokkuð hefðbundnum hætti. Fígúratíf málverk og uppstillingar. Hann snýr sér svo að abstraktlistinni á sjötta áratug síðustu aldar, lita- og formrannsóknir þar sem sjónrænt áreitið felst í óreiðu forma á myndfletinum. Prýðilegar myndir í sjálfu sér, en það eru vafalaust litbandsverkin sem veita honum sérstöðu í abstraktmálverkinu á Íslandi. Þar felst sjónrænt áreitið í samspili litanna líkt og við þekkjum í oplist og litbandið nokkuð óhefðbundið efni til myndgerðar. Reyndar hafði Hollendingurinn Piet Mondrian þegar vakið alþjóðlega athygli fyrir litbandsverk. En þau voru ryþmakennd og gerð undir áhrifum af bandarískri jazztónlist. Því er hins vegar ekki að neita að Hörður hefur sótt nokkuð stíft í myndmál og hugmyndafræði Mondrians og félaga hans í de stijl-hópnum sem/og þýsku Bauhaus-listamannanna. Sterk tengsl við arkitektúr og hönnun skiptu listamönnum de stijl og Bauhaus miklu máli. En listamaðurinn starfaði við hönnun og var á meðal helstu athafnamanna í umræðu og gagnrýni um arkitektúr á Íslandi strax á 6 áratugnum. Í grunninn snýst þetta um hugmynd gestalt-fræðinnar að manneskja skynji hluti innan heildar sem de stijl og Bauhausmenn byggðu mikið af sinni hugmyndafræði á. Málverk var þar af leiðandi ekki bara mynd á vegg aðskilin frá því rými sem veggurinn tilheyrði. Áhorfandi skynjaði málverk sem hluta af rýminu og eðlilega tvinnast þá saman málverk, byggingarlist og hönnun.

Eitt helsta baráttuefni Harðar varðandi húsagerðarlistina var varðveisla byggingararfsins. Sat listamaðurinn í ritstjórn arkitektaritsins Birtings og skrifaði jafnframt um rannsóknir á byggingarlist í önnur tímarit. Á Kjarvalsstöðum má sjá nokkur af Birtingarritunum með greinum og útlitshönnun eftir Hörð, auk endurgervingateikninga á húsum og ljósmyndir sem fá mann til að hugsa til skrásetningaráráttu margra konseptlistamanna s.s. Ed Ruscha, Roni Horn og Dieter Roth, en sá síðastnefndi starfaði einmitt með Herði við hönnun. Ef einhver abstraktlistamanna okkar Íslendinga hefur haft áhrif á íslenska konseptlistamenn þá er það vafalaust Hörður. Litbandsverk og teikningar sem sýndar eru á Kjarvalsstöðum og spila saman líkt og myndrammar í teiknimyndasögu, sýna hreyfingu forma í fjórum myndum, eru t.d. ekki ólíkar vangaveltur og mínimal konseptlistamenn, Blinky Palermo, Imi Knoebel, Kees Smits o.fl., voru að fást við um svipað leyti. Lendir Hörður einhvers staðar á milli hinna ljóðrænu íslensku abstraktsjónar og mínimalískrar konseptlistar. Stendur þá nokkuð sér á báti hérlendis. Endurreisn hans fyrir fáeinum árum var því afar velkomin og enn fremur gefur yfirlitssýningin ástæðu til að fagna. Litbandsverkin og margar teikningarnar eru sífersk þótt komin séu til ára sinna. Sýningin fræðandi og sýningarskrá til sóma. Í raun ómissandi sýning fyrir íslenska listunnendur.

Jón B.K. Ransu

Kvikmyndir

Borgarbíó, Akureyri:
Flight of the Phoenix.
Meet the Fockers
The Aviator ★★★★☆ (HJ)
Sjóræningjar á Saltkráku
Háskólabíó
Meet the Fockers
Million Dollar Baby
The Aviator ★★★★☆ (HJ)
Alexander ★☆☆☆☆ (HJ)
Ocean's Twelve ★★★☆☆ (SV)
Laugarásbíó
Meet the Fockers
The Aviator ★★★★☆ (HJ)
Sjóræningjar á Saltkráku
Regnboginn
Being Julia
The Sea Inside
Sideways ★★★★★ (SV)
Finding Neverland ★★★★☆ (SV)
Sambíóin Reykjavík, Keflavík, Akureyri
White Noise
Frúllinn
Meet the Fockers
Million Dollar Baby
Alexander ★☆☆☆☆ (HJ)
Team America World Police
A series of unfortunate events ★★★☆☆ (SV)
The Incredibles ★★★★★ (HL)
Smárabíó
Flight of the Phoenix.
Assault on Presinct 13
Elektra ★★☆☆☆ (SV)
Í takt við tímann ★★★☆☆ (SV)

Myndlist

Anddyri Suðurlandsbrautar 4: Rafn Sigurbjörnsson – Fjölskyldan. Tíu olíumálverk.
Árbæjarsafn: Í hlutanna eðli – stefnumót lista og minja. Til 5. júní.
Gallerí Bananas: Steingrímur Eyfjörð - Undir linditrénu.
Gallerí Dvergur: Efrat Zehavi – Fireland. Stendur til 13. febrúar
Gallerí Humar eða frægð!: Ásdís Sif Gunnarsdóttir sýnir myndbandsverk. Stendur til 18. febrúar.
Gallerí i8: Finnur Arnar sýnir til 26. febr.
Gallerí Sævars Karls: Sigurður Örlygsson – Ættarmót fyrir hálfri öld.
Gerðuberg: Þýska listakonan Rosemary Trockel sýnir til 27. febr. Sigríður Salvarsdóttir í Vigur sýnir listaverk úr mannshári í Boganum. Stendur til 13. mars.
Grafíksafn Íslands: Rut Rebekka sýnir vatnslita- og olíumálverk.
Hafnarborg: Rafmagn í 100 ár – sýning í tilefni af 100 ára afmæli fyrstu almenningsrafveitunnar. Bjarni Sigurbjörnsson og Haraldur Karlsson – Innsetning. Helgi Hjaltalín Eyjólfsson er myndhöggvari febrúarmánaðar.
Hallgrímskirkja: Jón Reykdal – 6 ný olíumálverk í forkirkju.
Hólmaröst: Jón Ingi Sigurmundsson – olíu- og vatnslitamyndir.
Hrafnista Hafnarfirði: Tryggvi Ingvarsson, rafvirkjameistari og heimilismaður á Hrafnistu, sýnir útsaum og málaða dúka í Menningarsalnum á fyrstu hæð.
Hönnunarsafn Íslands, Garðatorgi: Sænskt listgler, þjóðargjöf.
Iðntæknistofnun: Nýsköpun í ný sköpun. Átta listamenn úr Klink og Bank.
Kaffi Espresso: Guðrún Eggertsdóttir – skúlptúrar og myndir.
Kaffi Sólon: Óli G. Jóhannsson sýnir óhlutbundin listaverk. Stendur til 5. mars.
Kubburinn – LHÍ: Þóra Gunnarsdóttir sýnir verk sín.
Listasafn Akureyrar: Ashkan Sahihi – Stríðsmenn hjartans. Stendur til 6. mars.
Listasafn ASÍ: Ólöf Nordal – anaegg. Ósk Vilhjálmsdóttir – Jákvæð eignamyndun – Neikvæð eignamyndun. Standa til 5. mars.
Listasafn Íslands | Íslensk myndlist 1930–1945. Rúrí – Archive – Endangered waters.
Listasafn Kópavogs – Gerðarsafn: Árleg ljósmyndasýning og verðlaunaveiting Blaðaljósmyndarafélags Íslands. Ragnar Axelsson – Framandi heimur.
Listasafn Reykjanesbæjar: Kristín Gunnlaugsdóttir – Mátturinn og dýrðin, að eilífu.
Listasafn Reykjavíkur – Ásmundarsafn: Maðurinn og efnið. Yfirlitssýning. Til 2006.
Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús: Erró, Víðáttur. Þórður Ben Sveinsson – Borg náttúrunnar. Bjargey Ólafsdóttir – Láttu viðkvæmt útlit mitt ekki blekkja þig. Brian Griffin – Áhrifavaldar. Til 27. febr.
Listasafn Reykjavíkur, Kjarvalsstaðir: Hörður Ágústsson – Yfirlitssýning í Vestursal. Helgi Hjaltalín Eyjólfsson og Pétur Örn Friðriksson – Markmið XI í miðrými. Kjarval í Kjarvalssal.
Ljósmyndasafn Reykjavíkur: Fyrir og eftir. Lýkur um helgina.
Náttúrugripasafnið Hlemmi: Tuttugu og sex myndlistarnemar sýna.
Safn: Stephan Stephensen – AirCondition. Jóhann Jóhannsson – Innsetning tengd tónverkinu Virðulegu forsetar. Á hæðunum þremur eru að auki ýmis verk úr safneigninni, þ. á m. ný verk eftir Roni Horn, Pipilotti Rist og Karin Sander.
Safn Ásgríms Jónssonar: Þjóðsagnamyndir Ásgríms Jónssonar.
Slunkaríki: Ívar Brynjólfsson – Bardagavellir.
Suðsuðvestur, Reykjanesbæ: Magnús Pálsson sýnir innsetningu.
Thorvaldsen: Kristín Tryggvadóttir – Leikur að steinum. Til 19. feb.
Tjarnarsalur Ráðhúss Reykjavíkur: Sören Solsker Starbird – Er sálin sýnileg? Ljósmyndasýning.
Þjóðminjasafnið: Hér stóð bær … og Átján vóru synir mínir í Álfheimum. – Ljósmyndasýningar.

Leiklist

Austurbær: Vodkakúrinn, lau.
Borgarleikhúsið: Belgíska Kongó, lau., sun. Híbýli vindanna, lau. Lína Langsokkur, sun. Saumastofan, 30 árum síðar, lau. Svik, sun.
Iðnó: Tenórinn, sun.
Íslenska óperan: Tosca, sun.
Leikfélag Akureyrar: Olíver!, lau, sun.
Þjóðleikhúsið: Dýrin í Hálsaskógi, sun. Edith Piaf, sun. Öxin og jörðin, lau.